

Ristilspeglun

Upplýsingar fyrir skjólstæðinga

Miðstöð meltingarlækninga, 3. hæð vesturhús, Læknastöðinni Glæsibæ
Álfheimum 74, 104 Reykjavík, www.mml.is

Ristilspeglun er rannsókn, sem framkvæmd er af sérþjálfuðum meltingarlæknum, þar sem allur ristillinn er skoðaður frá endaparmi og yfir í botnristil (að botnlanga og smáparmi).

Rannsóknin er m.a. gerð til að:

- Útiloka sjúkdóma hjá einstaklingum með meltingartruflanir (s.s. breytingu á hægðamynstri, blóð eða slím í hægðum, kviðverki og blóðleysi).
- Útiloka sjúkdóma hjá einstaklingum með fjölskyldusögu um krabbamein í ristli eða endaparmi.
- Greina útbreiðslu bólgusjúkdóma (s.s. sáraristilbólgu og Crohn's) og eftirlit eftir meðferð.
- Greina kirtilæxli (sepa) og/eða krabbamein í ristli og endaparmi.

Ýmsa aðra kvilla í ristli og endaparmi er hægt að greina við ristilspeglun og er ofangreindur listi ekki tæmandi. Ristilspeglun er besta forvarnar rannsóknin í einkennalausum einstaklingum.

Undirbúningur fyrir ristilspeglun

Mikilvægt er að mæta í ristilspeglun með vel úthreinsaðan ristil svo skoðunin verði sem árangursríkust.

Á vefsíðu okkar er að finna ítarlegar leiðbeiningar um undirbúning fyrir ristilspeglun s.s. breytingu á mataræði og úthreinsun. Vinsamlega skoðaðu þessar leiðbeiningar og farðu vel eftir þeim. Takið sérstaklega eftir upplýsingum um breytingu á lyfjum s.s. blóðþynningarlyfjum.

Ristilspeglunin sjálf:

Við komu tekur hjúkrunarfræðingur á móti þér og vísar þér inn á stofu þar sem þú skiptir um föt. Settur er æðaleggur í handlegg áður en speglunin er framkvæmd, en í hann eru oft gefin ýmis lyf.

Í rannsókninni liggur þú á bekk í hliðarlegu á vinstri hlið með bogin hné. Þú hefur tækifæri til að tala við sérfræðilækninn áður en rannsóknin hefst. Flestir fá verkjalyf og vægt róandi lyf í æð og því er ekki mælt með að þú akir bíl eða stjórnir vélum í a.m.k 6 klst. eftir að hafa fengið slík lyf.

Læknirinn þræðir speglunartækið frá endaparmi og yfir í botnristil. Loft er notað til að blása ristilinn upp svo tækið geti ferðast örugglega eftir ristlinum. Þetta getur valdið

tímabundnum vindverkjum, sem oftast eru vægir en þá getur verið hjálplegt að anda rólega og slaka á.

Speglunin tekur mislangan tíma, oft um 20-30 mínútur en stundum lengur. Sýni eru tekin eftir þörfum og hægt er að fjarlægja flesta sepa sem greinast í spegluninni. Einnig er hægt að framkvæma ýmsar aðrar meðferðir í gegnum speglunartækið.

Eftir speglun:

Í lok speglunar klæðir þú þig, færð vatn eða djús að drekka og hvílir þig um stund. Sérfræðilæknirinn ræðir við þig eftir ½ til 1 klst. og fer yfir niðurstöðu speglunarinnar og framhald. Ef sýni eru tekin verður haft samband við þig þegar niðurstöður úr sýnatökunni liggja fyrir. Eftir speglun máttu borða eðlilega.

Áhætta/ fylgikvillar

Ristilspeglun er mjög örugg rannsókn og besta rannsóknin til að skoða slímhúðina í ristlinum. Engin rannsókn er þó alveg áhættalaus. Helstu fylgikvillar ristilspeglunar eru:

- Eftir ristilspeglun getur orðið blæðing en hún er oftast mjög væg og sést þá helst á salernispappír við salernisferðir, einkum ef mörg sýni hafa verið tekin eða sepi fjarlægður. Mikil blæðing eftir speglun er mjög sjaldgæf (getur gerst í um 0,1% tilfella) en verðir þú var/vör við slíkt er mikilvægt að hafa strax samband við starfsfólk okkar á dagvinnutíma (s. 535 6800) eða leita á bráðamóttöku.
- Rof á ristilvegg er mjög sjaldgæfur fylgikvilli (getur gerst í um 0,09 – 0,3% tilfella). Í flestum tilvikum lagast rof á ristilvegg af sjálfu sér en stundum þarf viðkomandi að leggjast inn á sjúkrahús og stöku sinnum þarf að framkvæma skurðaðgerð.
- Sérfræðilæknir getur misst af sepa (eða jafnvel krabbameini) við speglun, einkum ef úthreinsun hefur ekki heppnast vel, mikið er um krappar beygjur eða hann leynist í fellingu. Þetta getur gerst í um 5 – 10% tilfella. Til að koma í veg fyrir að þetta gerist er mælt með því að sérfræðilæknir dragi speglunartækið rólega til baka.

Gæðamál

Mikilvægt er að huga að gæðamálum og fylgjast með ýmsum gæðavísum til að meta bæði gæði og öryggi þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er (landlaeknir.is, 2016). Á Miðstöð Meltingarlækninga er fylgst reglulega með ýmsum gæðavísum s.s. ADR (adenoma detection rate), útdráttartími við ristilspeglanir (withdrawal time) o.fl. Niðurstöður eru nýttar til umbóta á starfseminni. Við speglanir er unnið eftir sérstökum gátlista (Öryggi við speglanir) til að tryggja sem best öryggi og gæði þjónustunnar.

Ef nánari upplýsinga er þörf hafið þá samband við starfsfólk okkar í síma **535-6800** alla virka daga milli kl. 08-16.